



ÍSLENSK  
VERSLUN

Alþingi

Erindi nr. P 118 / 359

komudagur 6. 11. 1994

Efnahags og viðskiptanefnd Alþingis  
Ágústa H. Lárusdóttir,  
deildarfulltrúi,  
Þórshamri v/ Templarasund.

Umsögn um frumvarp til laga um bókhald.


Vísað er til bréfs efnahags og viðskiptanefndar varðandi  
umsögn um frv. til laga um bókhald.


ÍSLENSK VERSLUN mælir með því að umrætt frumvarp verði  
samþykkt, en leyfir sér að gera eftirfarandi athugasemd.


Í frumvarpinu er á nokkrum stöðum (t.d. í 4. gr. frv.) vísað  
til "innra eftirlits" án þess að það sé skilgreint nánar. Nú má  
ætla að þetta hugtak hafi í sjálfu sér ekki fastmótaða merkingu  
í hugum manna og því nauðsyn annað hvort að skilgreina í frv.  
hvað telst vera innra eftirlit, eða að fram komi beint ákvæði í  
frv. sem felur reikningsskilaráði að skilgreina hvað í hugtakinu  
felst.

Að öðru leyti hvetur ÍSLENSK VERSLUN til þess að frumvarpið  
verði samþykkt.

Reykjavík 1. desember, 1994

  
Stefán S. Guðjónsson  
framkvæmdastjóri FÍS

  
Jónas Þ. Steinarsson  
framkvæmdastjóri BGS

  
Magnús E. Finnsson  
framkvæmdastjóri KÍ